


Starfsáætlun leikskólaársins

2023-2024




Brákarborg

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	4
2.1 Innra mat	4
2.2 Ytra mat	4
3 Innra mat deilda	6
3.1 Dalur	6
3.2 Dyngja	9
3.3 Laut	11
3.4 Lundur	13
3.5 Hlíð	15
3.6 Holt	17
4 Innra mat sérkennslu	19
4.1 Skipulagning sérkennslu	19
4.2 Markmið næsta skólaárs	20
4.3 Innra mat – fjöiltyngd börn	20
5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	22
5.1 Endurmenntun starfsmanna:	22
6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	24
6.1 Markmið skólaársins 2023-24	24
7 Foreldrasamvinna	26
8 Skipulagsdagar	28
8.1 Skipulagsdagar skólaársins 2022 – 23	28
8.2 Áætlun um skipulagsdaga leikskólans skólaársins 2023-24	28
9 Fylgigögn	30
9.1 Fylgiskjal 1	31
9.2 Fylgiskjal 2	34



Leiðarljós leikskólans



Leiðarljós Brákarborgar er að gefa öllum börnum tækifæri til náms út frá þeirra þörfum. Gildin okkar **AGI – VIRÐING – UMHYGGJA** fléttast inn í allt nám skólans og styður við þá vinnu. Við viljum efla og styðja hvern einstakling til sjálfstæðis og nýtum meðal annars LAUSNAHRINGINN okkar til þess. Með honum viljum við gefa börnunum tæki til þess að nota í daglegu starfi við að leysa ágreiningsefni, vinna úr málum og hjálpa bæði fullorðnum og börnum svo eitthvað sé nefnt.

1 Greinargerð leikskólustjóra

Skólaárið í Brákarborg hefur einkennst að stærstum hluta að breytingum, flutningum, stækkun og aðlögun. Litaðist starfið því í heild sinni af því ásamt því að aðlagast breyttum aðstæðum í hverri einustu viku út október. Hlutfallslega þá er nýtt starfsfólk við skólann fleira heldur en þeir sem fyrir voru en að sama skapi stóðu allir við sama borð um að aðlagast nýjum aðstæðum og standa saman vörð um öryggi barnanna og starfshópsins í heild sinni. Við vorum með iðnaðarmenn hjá okkur að vinna inni eða úti allt skólaárið en það ætti að fara sjá fyrir endann á því og lending er rétt að nást þegar þetta er ritað. Börnin voru 38 sem fluttu með okkur úr Brákarsundi 1 og voru komin í 90 í janúar en þá var aðlögun búin að vera yfirstandandi, á húsnæði, börnum og starfsfólki frá 19. ágúst.

Það eru áskoranir að opna skóla í nýju húsnæði ekki síður þegar um er að ræða flutning 70 ára gamals skóla og það gert seinnipart á fimmtudegi og opnað morguninn eftir og teljum við okkur hafa komið því við í verklagi borgarinnar að hér eftir þurfi ekki nokkur skóli að ganga í gengum sömu ósanngjörnu aðstæður.

Eins og fram kemur í innra mati skólans þá hefur skólaárið verið með miklum áskorunum, sem hafa haft áhrif á alla starfsemi okkar en þó hefur okkur tekist með samheldni og jákvæðni að sinna flestum þeim verkefnum sem þarf að sinna til að halda úti góðu skólastarfi. Stuðningur foreldra og nærsamfélagsins hefur einnig verið okkur til góða og má þar sérstaklega þakka jákvæðni þeirra á tímum, sem við þurftum að finna nýjar lausnir til að komast að skólanum og nýttum okkur leiðir í gegnum hverfið. LAUSNAHRINGURINN og jákvæður agi var þannig leiðandi í starfinu okkar á fleiri vegu en, sem leiðir að bættum og góðum samskiptum.

Þrátt fyrir að álag og áskoranir vetrarins er margt sem vel hefur gengið. Starfshópurinn náði mjög vel saman og hefur samstarf þvert á deildir gengið vonum framár.

F. h. leikskólans Brákarborgar – 30. júní 2023

Selnu Óskarsdóttir

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

2.1 Innra mat

Í 3. gr. laga um leikskóla (893/2009) segir að hver leikskóli skal með kerfisbundnu innra mati leggja mat á árangur og gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skulu starfsfólk, foreldrar, börn og foreldraráð taka þátt í því eftir því sem við á.

Með innra mati er leikskólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvitun, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar

hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni barna að leiðarljósi. Virkt innra mat skal vera samofið annarri starfsemi leikskóla og skapa forsendur fyrir markvissri skoðun á árangri, leiðum að markmiðum og aukinni ábyrgð leikskóla á eigin starfi. Innra mat skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta leikskólastarfsins.

Hér í þessu kafla og í næsta kafla starfsáætlunar birtist innra mat leikskólans Brákarborgar. Starfsáætlunin er birt á vefsvæði leikskólans og er það opinber birting hennar. Þar gefur að líta nánari viðmið um innra mat.

2.2 Ytra mat

Í ytra mati er gagna aflað með margvíslegum hætti og út frá þeim er dregin ályktun um starfsemina út frá gæðaviðmiðum. Til grundvallar ytra matinu liggja fyrir fram skilgreind viðmið um gæði í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi. Starfsemin er metin með vettvangsheimsóknum, greiningu gagna, könnunum og viðtölum við stjórnendur, starfsfólk, börn og foreldra.

Skóla- og frístundarsvið Reykjavíkurborgar hefur umsjón með ytra mati í leikskólum. Ytra mat skóla- og frístundasviðs hefur það að markmiði að veita upplýsingar um skóla- og frístundastarf og að auka gæði náms í leikskólum. Matið er fyrst og fremst leiðsagnarmat þar sem dregið er fram það sem vel er gert í skólanum og bent á það sem betur má fara sem tækifæri til umbóta.

Ekkert ytra mat fór fram leikskólaárið 2022-23 í Brákarborg. Leikskólinn er í nýju húsnæði og því réttlætanlegt að stjórnendur og starfsfólk fái svigrúm til þess að skapa faglegan grundvöll í nokkurn tíma, áður en hann verður síðan rýndur með framfarir að leiðarljósi. Þegar þessi faglegi grundvöllur hefur verið myndaður og mótaður, gætu stjórnendur leikskólans vel íhugað að fá óháðan aðila til þess að framkvæma ytra mat í leikskólanum.





Brákarborg

Hvað	Hvernig	Hverjir	Niðurstöður
Fagstarf	Fundir	Deildarstjórar Allt starfsfólk	Styrkleikar: Kröftugur starfsmannahópur sem hefur komið Brákarborg yfir erfiðan hjalla, sem fólst í flutningum og breyttu starfsumhverfi Tækifæri til umbóta: Halda fagfund með kennurum leikskólans skólaárið 2023-24, á skipulagsdegi í ágúst, þar sem faglegt starf leikskólans verður ígrundað og dýpkað
LAUSNAR- HRINGURINN	Fræðsla 4x yfir árið	Foreldrar Börn	Styrkleikar: Brákarborg býr að öflugum grunni með lausnarhringnum, sem undirstaða jákvæðs aga. Tækifæri til umbóta: Halda lausnarhringnum virkum allt árið, þvert á deildir og aldur. Fræða nýtt og óreynt starfsfólk, þannig að lausnarhringurinn verði sjáanlegur alls staðar
Nýliðafræðsla	Fræðsla 2x yfir árið	Nýtt starfsfólk Stjórnendur	Styrkleikar: Margt áhugasamt starfsfólk sem mætti til starfa og hélt sjó. Tækifæri til umbóta: Auka við fræðslu um leik og skapandi starf með börnum



3 Innra mat deilda

Í Brákarborg eru 90 börn skipt niður á sex deildir. Deildarnar eru að mestu leytingu til aldursskiptar, með nokkrum undantekningum. Deildarnar heita, eftir aldursröð, frá elstu til yngstu; **Dalur**, **Dyngja**, **Laut**, **Lundur**, **Hlíð** og **Holt**. Í þessum kafla kemur fram innra mat starfsfólks deildarinnar. Fyrsta matið, er mat Dals, deildar elstu barna og síðan kemur innra mat hinna eftir aldursröð.

3.1 Dalur



Í Dal voru tuttugu börn, öll fædd árið 2017. Tvö börn byrjuðu leikskólanám í Brákarborg um haustið og eitt í upphafi nýs árs en hin sautján voru öll áður í Brákarborg.

Stærsta áskorun skólavetrarins var að koma okkur fyrir í nýju húsnæði. Yfir skólaárið var mikið rót í húsnæði þar sem það var ekki full klárað. Í upphafi var þetta mikil rót fyrir nemendur enda mjög stór breyting og iðnaðarmenn daglega um allan leikskólann sem truflaði mörg börn. Þegar leið á, fór starfið að vera eðlilegra og betri líðan barna greindist í nýja húsnæðinu. Það var stór hópur sem hafði verið í fyrra húsnæði, sem aðlagðis því húsnæði og venjum sem þar voru. Þau hafa því sum átt erfitt með breytingarnar sem urðu á umhverfinu og starfinu í nýjum og breyttum aðstæðum, þar sem allar fjarlægðir voru nú orðnar miklar.

Lítill breyting var á starfsmannahóp en í upphafi skólaárs var deildarstjóri og þrír aðrir starfsmenn í fullu starfi og einn starfsmaður í hlutastarfi. Um áramót tók leiðbeinandi af deildinni við deildarstjóra stöðu þegar deildarstjóri lauk störfum. Við það urðu breytingar á skipulagi innan deildarinnar. Í mars kom nýr leikskólakennari inn á deildina á en starfsmaður í hlutastarfi fór yfir á aðra deild á móti. Inn á deilinni unnu tveir kennarar í hlutastarfi í sérkennslustöfum. Deildarstjóri og tveir starfsmenn inn á deild voru nýir í upphafi skólaárs á meðan tveir starfsmenn í fullu starfi og báðir sérkennslustarfmenn fluttu úr fyrra húsnæði yfir í nýja.

Foreldrasamtöl fóru fram einu sinni yfir árið en það var að vori. Í boði var að taka þau á staðnum eða rafrænt. Í foreldrasamtölum var farið yfir eyðublaðið fyrir skólaskil.

Hópastarf yfir skólaárið var tvíþætt. Fyrir áramót var deildinni skipt í tvo hópa (10 börnum í hóp) og hóparnir voru aðskildir stærstan part dagsins. Þegar hópar voru inni var áhersla á frjálsan leik og að efla þau í að sjá um val og bera ábyrgð á vali. Eftir áramót var unnið með þrjá hópa (6 – 7 börn í hóp) en hópastarf fór fram þrisvar í viku. Hver hópur fór einu sinni í viku í málörvun, einu sinni í einingakubbstarf og einu sinni í útinám. Eftir hádegi léku allir hóparnir í útiveru.



Öll deildin var saman í samverustund á hverjum morgni. Fastir liðir í samverustund voru að tala um hvaða dagur er í dag og gera tákni dagsins, farið yfir hlutverk dagsins og veðurfræðingar athuguðu veðrið. Hlutverk sem börnin höfðu voru þrjú, aðstoðarkennari, lausnahringsstjóri og veðurfræðingur. Tveir nemendur voru með hvert hlutverk og voru þau í því hlutverki í viku í senn. Það var gert svo þau hefðu nokkra daga til að venjast hlutverkinu og vinna í því. Fyrir hádegismat var svo önnur samverustund þar sem var oft sungið eða hlustað á sögu en stundum rædd einhver mál.

Sjálfsbjálpa á deildinni var mjög góð, í matartíma fór mikil vinna í að kenna þeim að sjá um sig sjálf. Þau skammta diskana sjálf og reynt að huga að hversu mikið þau ætla að borða hverju sinni, helltu sjálf í glösin (og sóttu tusku og þurrkuðu ef þau sulluðu aðeins niður), smurðu sjálf brauðið o.s.frv.

Farið var í ýmsar ferðir yfir skólaárið. Strax í upphafi var farið í Hörpu á sýningu með Sinfóníunni og yfir haustið farið og hitt 1. bekk í Langholtsskóla og aðra leikskóla í hverfinu. Aukið var fjölda ferða eftir áramót. Allir nemendur fóru þrjár ferðir á bókasafn, deildin fór saman á sýningu í Borgarleikhúsinu, Þjóðleikhúsinu og Bíó Paradís. Farið var í útskriftarferð til Viðeyjar og dagsferðir í Elliðaárdalinn og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Þegar Langholtsskóli var lokaður var tækifærið nýtt og farið á skólalóðina þar.



UMBÓT	Hvað	Hvernig	Hver	Tímaáætlun		Mælitæki	Viðmið
LAUSNAR-HRINGURINN	Lausnahringurinn er mikilvægt tól innan Brákarborgar en það er líka verkfæri sem þarf að huga að og styrkja	Vikuleg markviss vinna. Allt starfsfólk deildarinnar nota hann í samskiptum við börn.	Deildarstjóri	Haust '23	Vor '24	Deildafundir	Hvort það var vikulega tekið fyrir verkefni, umræða eða önnur athöfn sem tengdist Lausnarhringnum
Samverustund	Fræða börnin um fjölbreytt málefni og nýta samverustundir betur. Gera þær fjölbreyttar en ekki endurtekningu á hverjum degi.	Taka umræðu í samverustund um atvik sem koma upp eða málefni sem þarf að ræða. (Tennur, líkama, einkastaði, ofbeldi, reglur inn á deild, matartíma	Deildarstjóri	Haust '23	Vor '24	Deildafundir	Nemendur hafa fengið umræðu um fjölbreytt málefni sem snertir þau og samfélagið.
Ferðir	Byrja strax um haustið að fara á bókasöfn og fara í ferðir ef tækifæri gefst. Vera opinn fyrir því að fara með allan hópinn saman.	Starfsfólk tilbúið að grípa möguleikana og tækifærin sem eru í boði, bæði frá skipulagt af utanaðkomandi aðilum (bókasafn, leikhús, o.s.frv.) eða þá skipulagt innanhús.	Deildarstjóri í samvinnu við annað starfsfólk	Haust '23	Vor '24	Deildafundir	Nemendur fengu að fara í fjölbreyttar ferðir sem þau græddu á. Ferðirnar brutu upp vikurnar og gerði starf deildarinnar skemmtilegt og spennandi.
Bókalestur / læsi	Mikilvæg málörvun fyrir börnin	Lesi framhaldssögur fyrir börnin og styttri sögur	Allt starfsfólk	Haust '23	Vor '24	Vikulega	Börn heyri fjölbreyttar sögur og eru dugleg að skoða bækur sjálf.

3.2 Dyngja



Skólaárið 2022-2023 var mjög óvenjulegt þar sem leikskólinn fluttist í nýtt húsnæði. Flutningur var erfiður bæði, fyrir börn og starfsfólk, þar sem ekki var gefinn nægur tími og rými til að undirbúa þetta flókna verkefni. Stuttu eftir flutninginn byrjaði aðlögun nýrra barna.

Nemandafjöldi skólaársins 2022-2023 á Dyngju voru tuttugu börn, sem skiptust þannig; fimmtán drengir og fimm stúlkur. Fimmtán börn eru fædd árið 2018 og fimm þeirra fædd árið 2019. Um áramót flutti einn drengur fæddur 2018 í annan leikskóla. Níu börn í Dyngju komu úr gömlu Brákarborg og tíu fluttust frá öðrum leikskólum.


Starfsfólk deildarinnar voru tveir leikskólakennarar og þrír leiðbeinendur. Einn þeirra var kennaranemi. Að auki var einn kennari að sinna sérkennslu

Aðlögun fór fram í lok ágúst og september og var erfið. Börnin sem fluttust frá öðrum leikskólum þurftu sinn tíma til að venjast nýjum aðstæðum. Þau fundu fyrir miklu óryggi sérstaklega þegar ný börn bættust í hópinn. Alveg til áramóta, var það stórt verkefni að skapa öryggi í barnahópnum og byggja traust tengsl milli barna og starfsfólks.

Í hópastarfi var börnunum skipt í þrjá hópa. Það sem hóparnir voru að gera skiptist á milli kubbavinnu, málörvun, listsköpunar og útináms. Helstu áherslur í vetur var efling félagsfærni. Helmingur barnanna á deildinni kannaðist ekki við Lausnahringinn og því mikil vinna lögð í að kynna lausnirnar og efla ný börn í notkun þeirra. Ný börn tóku Lausnahringnum vel og voru dugleg að nota hann.

UMBÓT	Hvað	Hvernig	Hver	Tímaáætlun		Mælitæki	Viðmið
LAUSNAR-HRINGURINN	Að börn þekki lausnirnar og noti þær í daglegu starfi	Fundir á hálfsmánaðarfresti Starfsfólk minnir reglulega á hringinn	Deildarstjóri	Haust '23	Vor '24	Símat Skráningar	Verkefnamat með börnum
Einingakubbar	Vinna út frá hugmyndum barnanna	Ræða við börnin fyrir kubbastarfið um þeirra byggingar	Deildarstjóri	Haust '23	Vor '24	Skráningar (ljósmyndir og skrif)	Endurmat
Lestrastundir	Þjóða börnum að koma með sína bók	Vikulega	Deildarstjóri	Haust '23	Vor '24	Skráningar	Öll börn komu með bók
Listastarf	Auka sköpun með málningu með notkun á trönum	Auka val og fjölbreytileika	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Haust '23	Sumar '24	Ljósmynda-skráningar	Með því að rýna í verk barnanna að næsta vori

3.3 Laut



Í Laut voru sextán börn og fjórir kennarar í fullu starfi. Barnahópurinn saman stóð af fjórtán börnum fædd 2019 og tvö börnum fædd 2020. Upphaf vetrar einkenndist af miklum breytingum og ákveðnum vaxtarverkjum sem fylgdu breytingunum. Í nýju húsi Brákarborgar tók tíma fyrir börn og kennara að finna sinn takt og deildarstarfið bar þess sterk merki að húsið var hvorki tilbúið fyrir faglegt kennslustarf né umönnun ungra barna þegar húsið var opnað.

Deildarstjóri tók strax þá ákvörðun að helsta markmið vetrarins væri að börnin upplifðu traust og öryggi í nýjum aðstæðum og í nýjum hóp kennara og barna. Starfsfólk deildarinnar einblíndi þá á koma á góðum samskiptum milli barna og kennara og að innan deildarinnar væri góður starfsandi fyrir öll. Handleiðsla nýrra kennara tók mið af því að ekki væri mikil eða löng starfsreynsla í kennarahópnum.

Þegar leið á veturinn og húsið þokaðist nær því að vera ásættanlegt komst á meiri stöðugleiki á bæði kennarahópinum og starf deildarinnar, og faglegt starf tók að dýpka. Nýir kennarar deildarinnar komu sterk inn og nýttu meðal annars sín áhugasvið og styrkleika í vinnu og samskiptum við börnin, sem varð til þess að barnahópurinn var alment mjög áhugasamur og virkur. Starfsandinn var góður og greinilega að virðing fyrir börnunum var mikil.

Í Laut voru unnin ýmis skapandi verkefni með barnahópnum í heild sinni t.d. má nefna að öll börnin unnu að hefðbundnum jóla og páska tengdum verkefnum Brákarborgar. Ákveðin áhersla var sett á málörvun með ýmiskonar hljóða- og stafainnlögnum. Hvert barn málaði þannig sinn upphafsstaf auk þess sem börnin unnu lítið samvinnuverkefni sem snerist um stafrófið.

Grunnur var lagður að textílverkefnum sem verða unnin með börnunum næsta vetur og deildinni var skreytt með ýmsum minni verkefnum sem börnin komu að. Ekki tókst að koma á reglulegum ferðum utan leikskólans að þessu sinni en þær ferðir sem hópurinn komst í tókust vel. Unnið var með Lausnahringinn í daglegu starfi í Laut og börnin hvött til þess að nýta sér þær í hvívetna. Það starf takmarkaðist þó á því að allt starfsfólk deildarinnar var í fyrsta skipti að vinna með þessi verkfæri og því hugsanlega ekki farið jafn djúpt í þá vinnu og ákjósanlegt væri. Helstu gildi vetrarstrafsins voru almennt kubbastarf, læsi og málörvun, góð tengslamyndun og svo lausnahringurinn.



UMBÓT	Hvað	Hvernig	Hver	Tímaáætlun		Mælitæki	Viðmið
LAUSNAR-HRINGURINN	Nánari og dýpri innleiðing á Lausnahringnum í daglegt starf	i) Deildin fylgir Lausnahringsdagatalinu ii) að velja Lausnahr.stjóra iii) Sýnilegur í daglegu starfi iv) Starfsfólk nýti sér lausnirnar og hvetji börnin til að gera slíkt hið sama	Starfsfólk Börn	Sept '23	Júní '24	-Símat á deildarfundum	i) Að öll börn deildarinnar þekki allar lausnirnar í hringnum ii) Að börnin geti nýtt sér lausnahringinn til að leysa úr samskiptaárekstum sína milli
Útinám	Markvisst og reglulegt útinám barnanna, þannig að börnin kynnist nærumhverfi	Skipulagðar ferðir	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar Börnin	Sept '23	Júní '24	Úrvinnsla Skráning m/ ljósmyndum, sem börnin taka	i) Að öll börnin hafi farið í fjölbreyttar vettvangsferðir ii) Að börnin hafi fengið tækifæri til að upplifa útiveru í ýmiskonar veðráttu iii) Að hvert barn hafi útbúið ferilmöppum með yfirliti yfir vettvangsferðir og útinámsverkefnum vetrarins
Skapandi starf	i) Markvisst skapandi starf ii) Börnin kynnist mismunandi efnivið iii) Valdefla börnin til að skapa sjálf og á þeirra forsendum	Skipulagt og þemaskipt hópastarf þar sem skapandi starf verður fastmótaður hluti verkefna barna, með fjölbreytum skapandi efniviði, sí- aðgengilegur	Deildarstjóri Hópstjórar	Sept '23	Júní '24	Deildarfundir Skráningar	Ferilmöppur barnanna

3.4 Lundur



Deildin Lundur er ný deild í leikskólanum Brákarborg og þegar skólaárið 2022-2023 hófst voru engin börn á Lundi. Við fengum 6 börn í aðlögun fyrst og tveimur vikum seinna fengu við 4 börn í aðlögun. Barnafjöldi var þá orðin tíu, þrír drengir og sjö stúlkur, öll fædd árið 2020. Í byrjun janúar bættust svo tveir drengir við, sem einnig eru fæddir 2020, í Brákarborg og komu þeir í Lund.

Starfsfólk deildarinnar var í byrjun skólaársins 3 talsins. Í október fjölgaði starfsfólki deildarinnar og samanstóð því af einum leikskólakennara með deildarstjórn og þrír leiðbeinendur.

Helstu áherslur í skólaþróun voru að efla sjálfshjálp og sjálfsvitund einstaklingsins. Tákn með tali byrjaði hjá okkur í janúar og í hverri viku voru innleidd 2 tákn sem eru tákn vikunnar. Við byrjuðum í byrjun janúar að hafa að í hverri viku er nýtt lag innleitt hjá okkur og er þá lag vikunnar. Í fréttabréfi sem sent var vikulega til foreldra, með nokkrum undantekningum, kemur fram hver tákn vikunnar eru og mynd af þeim og texti með lagi vikunnar.



UMBÓT	Hvað	Hvernig	Hver	Tímaáætlun		Mælitæki	Viðmið
LAUSNA- HRINGURINN	Alltaf hluti af daglegu starfi, í leik og hópastarfi, inniveru og útiveru og hjá öllum	Nýta tækifærin Nýta skráningar	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Sept '23	Júní '24	Símat á deildarfundum, á þriggja vikna fresti	Alltaf nýttur
Sjálfs hjálp	Matur Forstofa	Daglegt starf	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Sept '23	Júní '24	Myndbands-skráningar.	Að börnin geti sjálf
Málörvun	Markviss málörvun	Hópastarfi Daglegt starf	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Sept '23	Júní '24	Farið yfir það á deildarfundum um það hvernig hefur gengið og hvað á að leggja inn.	Búa gátlista fyrir hvert og eitt barn og fyrir hvert og eitt verkefni sem lagt er fyrir. (samanber litaheiti)
Söngstundir	Auka fjölda söngva Jafna fjölbreytileika laga	Nýtt lag vikulega og sungið markviss í söngstundum	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Sept '23	Júní '24	Símat á deildarfundum, á þriggja vikna fresti	Ánægjulegar söngstundir, með mörgum og fjölbreyttum lögum

3.5 Hlíð



Veturinn 2023 – 2024 voru ellefu börn fædd árið 2020 í Hlíð. Kynjaskipting var nokkuð jöfn; sex drengir og fimm stúlkur. Þrír til fjórir kennarar voru á deildinni. Deildarstjórinn var lang reynslumesti starfsmaður deildarinnar, sá eini með kennaramenntun.

Upphaf skólaárs einkenndist af miklum breytingum og ákveðnum vaxtarverkjum sem fylgdu þeim. Í nýju húsi Brákarborgar tók tíma fyrir börn og kennara að finna sinn takt og deildarstarfið bar þess sterk merki að húsið var hvorki tilbúið fyrir faglegt kennslustarf né umönnun ungra barna. Einnig vantaði aðbúnað eins og húsgögn og leikföng. Sem dæmi flökkuðu kennarar og þau börn sem byrjuð voru á Hlíð á milli deilda í þeim hluta hússins sem var búið að opna, þar til yngri barna álman í hinum hlutanum var tilbúinn. Það að húsið er byggt fyrir þriggja til sex ára gerði viðfangsefnið og aðlögun enn erfiðari.

Deildarstjóri tók fljótlega ákvörðun um að haustönninn færi í að kynnast og aðlagast nýju húsi. Skapa traust, vellíðan og virðingu við börn, foreldra þeirra og í starfsmannahópnum. Áhersla var lögð á frjálstan leik og lítið var um skipulagt starf. Eftir því sem leið á veturinn komst meiri ró og festa á starfið.

Ýmiskonar listverkefni voru unnin, haldið var í áralangar hefðir Brákarborgar varðandi verkefni fyrir jóla og páska. Mikil áhersla var lögð á söng daglega, ásamt tákn með tali, sem mikið var notað með söngnum. Sameigilegir söngfundir voru nánast vikulega. Unnið var með Lausnahringinn og tungumál hans var notað dags daglega með börnunum. Jafnframt voru þeim kenndar lausnirnar í takt við aldur og þroska þeirra. Næsta vetur verða markmið deildarinnar að vinna markvisst með Lausnahringinn, tákn með tali og kubbastarf með einingakubbum.





UMBÓT	Hvað	Hvernig	Hver	Tímaáætlun		Mælitæki	Viðmið
LAUSNA-HRINGURINN	Lausn mánaðarins	Nota hann í daglegu starfi.	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Sept	Í lok skólaárs	Símat á deildarfundum, á þriggja vikna fresti	Börnin læra að nota lausnarhringinn til að bæta samskipti sín á milli með lausnum
Tákn með tali	Tákn vikunnar (1-2)	Nota áfram tákn með söng.	Deildarstjóri Allt starfsfólk	sept/okt	Í lok skólaárs	Skráningar á táknum sem lögð eru inn.	Efla orðaforða og kunnáttu á táknum.
Einingakubbar	Markvissar kubbastundir	Hópastarf	Deildarstjóri Allt starfsfólk	okt	júní	Skráningar m/ ljósmyndum	Börnin kynnast fjölbreytileika efniviðsins.



3.6 Holt



Í Holti eru yngstu börnin þennan veturinn, það voru tíu börn á haustönn, svo bættist ellefta barnið við í janúar. Þau eru fædd frá nóv. 2020 – maí 2021.

Þessi vetur hefur einkennst af því að:
„Bjarga deginum – og kvíða morgundeginum“.

Upphafið í nýju húsnæði, sem alls ekki var tilbúið, einkenndi mjög haustið. Ekki má gleyma því að hönnun hússins var fyrir aldursbilið 3ja-6 ára, svo áskoranir voru víða með yngstu börnin. Öll börnin voru 1 árs þegar aðlögun hófst. Einnig má ekki gleyma að starfsfólk deildar var alls óreynt í störfum leikskóla og hafa ekki öll íslensku sem móðurmál, sem eykur álag á allt starfið.

Haustönnin gekk alfarið út á að skapa traust, bæði barna og foreldra og skapa ró og rúttínu í dagskipulaginu. Það gekk erfiðlega framan af að svæfa börnin inni, sum sváfu í vögnum í öðru rými og þurfti starfsfólkið því að vera æði sveigjanlegt í starfi. Salernisaðstaða var eitt af því sem ekki var tilbúið þegar aðlögun hófst, mikið kapp var lagt á að taka börnin inn í aðlögun þó að svo mörgu væri að hyggja. Forstofan er erfið vegna stærðar og lítillar yfirsýnar, þessi ungu börn eru klædd til útiveru á deildinni sinni og frammi á Engi, sem er millirými milli þriggja yngstu deildanna. Það hefur líka áhrif á vinnuaðstöðu starfsfólks.

Matartímar yngstu deilda fara fram á Engi, þar er ekki rennandi vatn og er því mikill vatnsburður milli rýma, svo hægt sé að þurrka af borðum og þrifa börn eftir máltíðir. Einnig eru húsgögnin til bráðabirgða, þar sem ekki áttu upphaflega að vera svo ung börn í nýja húsinu.

Á vorönn var börnunum skipt í hópa, eftir aldri og/eða getu, þau fóru í *könnunarleik*, myndlist og hreyfistundir í hópunum sínum, ásamt því að sitja til borðs í matartímum í hópunum sínum. Lausnaringurinn okkar hefur svo verið allt-um-lykjandi, hann er sýnilegur börnunum um allt, orðfæri hans notað alls staðar, Bína Bálreiða lesin aftur og aftur, með orðalagi Lausnahringsins. Mikið er sungið, alla daga og svo eru sameiginlegir söngfundir, annarsvegar allt húsið og hins vegar yngri deildir sem hittast og syngja saman.



UMBÓT	Hvað	Hvernig	Hver	Tímaáætlun		Mælitæki	Viðmið
LAUSNA-HRINGURINN	Að börnin þekki Lausnirnar	Söngur Málörvun Bínulestur	Allt starfsfólk Holts	Sept. 2023	Maí 2024	Myndbands-skráning og samtöl í samveru	Samtöl, deildarfundur
Hópastarf	Hefja fyrir	Hver hópstjóri hefur sama hóp í 1 mánuð	Allt starfsfólk Holts	Sept. 2023	Maí 2024	Deildarfundur, myndbands-skráningar	Að börnin læri samvinnu og samhyggð
Matur á Engi	Fá betri húsgögn	Vantar fleiri borð og stóla	Stjórnendur	Sept. 2023	Maí 2024		Næði í matartímum og betri starfsaðstaða.

4 Innra mat sérkennslu



Sérkennslan í Brákarborg þetta skólaárið litaðist af mikilli þörf fyrir sérkennara á elstu deild. Það hafði einnig áhrif að nýr einstaklingur tók að sér starf sérkennslustjóra, sem og að leikskólinn flutti í nýtt húsnæði og þrefaldaðist að stærð. Þar með varð starf sérkennslustjóra umsvifameira. Í upphafi vetrar var sérkennsluteymi að finna sér stað í nýju húsnæði og samræmast öðru starfi leikskólans.

Sérkennslustjóri hafði yfirumsjón með námi barna með sérþarfir. Hann sinnti ráðgjöf til starfsfólks, hélt utan um samstarf við foreldra og sérfræðinga Norðurmiðstöðvar, hélt utan um teymisfundi, sá um skipulag og eftirfylgd lausnateymisfunda og sat deildarfundi eftir þörfum. Mest voru fimm kennarar starfandi við sérkennslu, í mismunandi háu starfshlutfalli, en þegar þetta er skrifað, vorið 2023, eru fjórir kennarar starfandi við sérkennslu. Allir kennarar eru með menntun sem nýtist í starfi.

Skólaárið 2022-2023 voru sjö börn með skilgreindan stuðning og fjármagn sem öll voru í 2. flokki. Nokkur börn til viðbótar fengu stuðning eftir þörfum þó ekki væri fjármagn skilgreint fyrir þau.

Sérkennarar skiptu með sér málefnum eftir börnunum sem höfðu fengið skilgreindan stuðning og bar hver og einn megin ábyrgð á ákveðnum málflokki og þ.a.l. nokkrum börnum, og skipulagði starf í samráði við sérkennslustjóra. Sérkennsluteymið sá um gerð einstaklingsnámskrár, sat teymisfundi og sá um utanumhald. Sérkennsla fór að mestu leyti fram inn á deildum en eftir atvikum líka í einstaklings vinnustundum með sérkennara. Fyrirkomulag sérkennslu er skipulagt eftir þörfum hvers barns. Haldnir hafa verið reglulegir deildarfundir sérkennslu þar sem málefni hafa verið rædd.

Hluti af verkefninu Betri Borg fyrir Börn (BBB) var stofnun hverfamiðstöðva í hverjum borgarhluta Reykjavíkur. Brákarborg er hluti af Norðurmiðstöð. Eitt af verkefnum BBB, er stofnun lausnateyma, sem er í stuttu máli ný nálgun vegna fyrirkomulags stuðnings fagteymis Norðurmiðstöðvar inn í hvern leikskóla fyrir sig. Mikil ánægja er með þetta nýja vinnufyrirkomulag því það styttrir boðleiðir og aðstoð kemur fyrr inn í hvern leikskóla fyrir sig.

Lausnahringurinn hefur reynst vel sem gagnlegt hjálpartæki í vinnu með öllum börnum, bæði þeirra sem njóta sérkennslu sem og annarra. Hann hefur því mikið verið notaður inn á deildum. Börnin eru fljót að tileinka sér samskiptareglur hringsins sem sín á milli. Lausnahringurinn reynist vel þegar verið er að þjálfa félagsfærni í barnahópnum. Hann hefur líka verið notaður að einhverju leyti í vinnustundum og þá helst lausnirnar að *stoppa* og *stjórna sér*.

4.1 Skipulagning sérkennslu

Þarfir barnsins eru hafðar að leiðarljósi og sérkennsla fer ýmist fram inn á deild eða í einstaklingsstundum með sérkennara; oft var barn eitt með kennara í vinnustund, einnig var vini boðið með í verkefni og unnið inni á deild í hópi barna. Einnig fól hluti sérkennslunnar í sér



að sérkennari var til staðar á deildinni og var stuðningur við deildina í heild og þau börn sem nutu sérkennslunnar voru hluti af barnahópnum. Sérkennsla var skipulögð af sérkennslustjóra í samráði við sérkennara, deildarstjóra og leikskólastjóra. Sérkennarar skráðu vinnustundir og fylgdust þannig með árangri og einnig notast við ýmis matsgögn. TRAS, AEPS, Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn, Orðaskil, EFI-2.

Ýmis námsefni voru notuð m.a. *Following auditory directions, Skólamappan mín*, efni frá talmeinafræðingi, *Orðagull*, ýmis spil frá *Super Duper* svo fátt eitt sé nefnt.

4.2 Markmið næsta skólaárs

Markmið sérkennslu fyrir skólaárið 2023-24 er að halda áfram góðri vinnu deilda leikskólans og samstarfi við lausnateymi Norðurmiðstöðvar. Ljóst er að mörg þeirra barna sem fengu úthlutuðu fjármagni fyrir þetta skólaár eru að ljúka leikskólanámi og enn liggur ekki fyrir hvaða börn fá úthlutað fjármagni fyrir næsta skólaár. Mál nokkurra barna eru í ferli og líklegt að þau fái fjármagn með sér. Umræður eru um breytingu á fjármálalíkani á þann veg að í stað þess að fjármagn sem áður fylgdi kennitölu barns, muni deild barnsins fá úthlutað ákveðnu fjármagni í sérkennslu m.t.t. stærðar leikskóla og fjölda barna. Nánari útfærsla er væntanleg í haust. Þetta mun hafa áhrif á skipulag sérkennslu næsta skólaárs og veldur því að markmiðasetning sérkennslu Brákarborgar er óljós og fljótandi þegar þessi starfsáætlun er samín.

Útlit er fyrir óbreytt starfsmannahald í sérkennslu, að því undanskildu að sérkennslustjóri fer í fæðingarorlof. Stjórnendur vinna að tímabundinni lausn fyrir þann tíma. Áætlað er að koma teymisfundum fyrir hvert barn sem nýtur sérkennslu í fastari skorður og fjölga fundum í samráði við foreldra og eftir þörfum hvers og eins. Eins er áætlað að halda áfram að hafa reglulega fundi sérkennsluteymis.

4.3 Innra mat – fjöltyngd börn

Í Brákarborg eru tuttugu nemendur (22%) sem eru fjöltyngd. Tungumálin eru *enska, franska, kúrdíska, litháenska, mongólska, norska, portúgalska, pólska, slóvenska, spænska, tælenska* og *þýska*. Unnið er með málörvun í litlum hópum inni á öllum deildum og einnig fara sumir nemendur í einstaklings vinnustundir með sérkennara. Mikið er unnið með þætti úr Hljóm-2, s.s. rím, samstöfur, samsett orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining og hljóðtenging. Það er markviss vinna með daglegan orðaforða og áhersla á gæðamálörvun á öllum deildum. Starfsfólk hefur nýtt sér efni eins og Gefðu 10. Tákn með tali (TMT) er notað, inni í starfi allra deilda, með söng. Allir þættir máls eru hafðir að leiðarljósi, s.s. orðaforði, málskilningur, tjáning, áhugasvið, styrkleikar o.s.frv. Jafnframt er ávallt tekið mið af aldri og þroska barnanna. Ritmálið er sýnilegt á öllum deildum, þ.e. leiksvæðin eru merkt ásamt leikefni, skúffum og hólfulum barnanna. Jafnframt eru börn elstu deildar hvött til að merkja listaverkin sín sjálf. Auk þess fá þau ýmis hlutverk í daglegu starfi leikskólans, þau helstu eru veðurfræðingur, aðstoðarkennari og lausnahringjastjóri. Fjármagni leikskólans til málaflöksins hefur farið í kaup á námsgögnum og námskeiðum fyrir starfsfólk og til að auka stöðugildi deilda.



Það er markviss vinna með daglegan orðaforða og áhersla á gæðamálörvun á öllum deildum. Starfsfólk hefur nýtt sér efni eins og Gefðu 10. Tákn með tali (TMT) er notað með söng og í daglegu starfi. Myndrænar vísbendingar og dagskipulag er inn á deildum og í fataherbergi. Nokkrar deildir voru með markvissa málörvunarhópa.

Les- og samverustundir eru á hverjum degi og eru þær nýttar til að dýpka orðaforða, t.d. með söngvum, þulum og lestri bóka. Bækur eru aðgengilegar fyrir börnin. Mikið er spilað á elstu deildum og börn almennt hvött til að nota málið í öllu daglegu starfi. Jafnframt fá börnin tækifæri til að spreyta sig á frásögn og tjáningu. Áhersla er á leikinn inni á öllum deildum. Reglulega fara eldri deildir í sögustundir á bókasafn hverfisins og bækur þar teknar að láni til að auka fjölbreytileikann. Sameiginlegar söngstundir eru einu sinni í viku.

Ýmis matstæki eru notuð til að fylgjast með framförum barnanna. Matstækin eru TRAS, Hljóm-2, EFI-2, Orðaskil bæði á íslensku og pólsku og AEPS.

Þegar hugað er að þáttum máls og virkri þátttöku barnanna er alltaf tekið mið af aldri og þroska þeirra. Allir þættir máls eru hafðir að leiðarljósi.

Styrkleikar Brákarborgar hvað varðar fjöltyngi liggja í markvissri vinnu með daglegan orðaforða og áhersla á gæðamálörvun allra deilda. Þá er notast við sjónrænar vísbendingar og myndrænt dagskipulag í daglegu starfi og í forstofu. *Tákn með tali* er notað með söng og einnig í daglegu starfi. Auk þess eru ýmis matstæki notuð til að fylgjast með framförum barnanna.

Tækifæri til umbóta er að hafa viðbótar málörvun fyrir fjöltyngd börn og einnig að fræðast betur um fjölmenningu leikskólans.



5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla



